

- 41 vörunni til kaupanda, þótt minna sé selt en 300 kg. Skal þar tilgreind efna-
12. júní samsetning mjölsins og umbúðir jafnan merktar verksmiðjumerki.
d. 10. og 11. tölul. sömu lagagreinar falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

42
16. júní

AUGLÝSING

um viðskiptaákvæði milli Íslands og Argentínu.

Í sambandi við beztukjarasamning, sem undirritaður var við lýðveldið Argentinu þann 18. apríl 1939 varð að samkomulagi milli ríkisstjórna Íslands og Argentínu, að aðflutningsgjöld á íslenskum saltfiski í Argentínu skuli, frá undirskriftardegi samningsins, lækka um 0.03 gullpesos á kílógram, og aðflutningsgjöld á Íslandi á neðangreindum vörum lækkað um 50% eins og fyrir er mælt í auglýsingu fjármálaráðuneytisins 17. apríl 1939, þ. e. á: Makkaroni, tomatpuré, trefjabaðmull (Fiberbomuld), Quebrachoextrakt, perur nýjar, vinber ný.

Aðflutningsgjaldalækkun á tveimur síðasttöldu vörutegundunum tekur þó aðeins til þeirra ávaxta, sem koma hingað til lands á tímabilinu 1. febrúar til 31. júlí ár hvert.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðuneytið, utanríkismáladeild, 16. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.